

Nd.

73. Frumvarp til laga

[71. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Níels Á Lund, Páll Pétursson.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, orðist svo:

Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldurskeiði 16—18 ára, sbr. ákvæði 1. mgr. 43. gr. þessara laga.

2. gr.

Við 1. mgr. 43. gr. þessara sömu laga komi eftirfarandi viðbót:

Þegar börnum og ungmennum er bannaður aðgangur að þeim skemmtunum sem að ofan greinir, þar með taldar kvikmyndasýningar, sbr. 58. gr. þessara laga, skal miða aldur þeirra við fæðingarár en ekki fæðingardag.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til að lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, verði breytt á þann hátt, að ungmennum fæddum á sama ári verði ekki mismunað hvað varðar aðgang að opinberum skemmtunum.

Frá því að lögin voru samþykkt á Alþingi 1966 hefur aðgangur að opinberum skemmtunum verið miðaður við fæðingardag viðkomandi, en ekki fæðingarár svo sem nú er lagt til að gert verði. Þessi viðmiðun er ákaflega ranglát og erfið í framkvæmd, auk þess sem hún hefur kallað á tilraunir til að komast inn á þessar skemmtanir á ólöglegan hátt.

Rétt er að benda á eftirfarandi:

- a) Löggjafinn gerir ráð fyrir því, m. a. í lögum nr. 63/1974, grunnskólalögum, að þessir unglingar eigi sama rétt og sömu skyldur, og er skólanum skylt að leggja fyrir þá sama námsefni hvort sem viðkomandi er fæddur fyrst í janúar eða síðast í desember. Þar af leiðir að lögin hljóta að gera ráð fyrir að þeir hafi líkan þroska, bæði andlegan og líkamlegan.
- b) Af þessu leiðir m. a. að unglिंगarnir hafa í flestum tilvikum valið sér félag innan síns bekkjar eða hóps án tillits til þess, hvenær ársins þeir eru fæddir, og með því að miða við fæðingardag þegar um skemmtanir ræðir er verið að sundra félagshóp sem ekki er æskilegt.
- c) Þessi aðskilnaður er mjög óæskilegur og geta afleiðingar hans verið ófyrirsjáanlegar, og dæmi eru um að þeir unglingar, sem fyrir utan eru og hafa verið skildir frá hópnum, leiðist til óreglu og séu verr á sig komnir en þeir sem komast inn. Þessi sundrun félagshópa er því mjög varhugaverð og hlýtur að skapa fleiri vandamál en hún leysir.
- d) Mjög erfitt er fyrir forráðamenn skemmtana að framfylgja núgildandi reglum þar sem ásókn jafnaldrar er mikil í að sækja skemmtanir saman, og hefur þetta misræmi á aldursgreiningu orðið þess valdandi, að unglingar hafa reynt að komast inn á skemmtanir á ólöglegan hátt, m. a. með fölsun á nafnskírteinum. Af þessu hefur það svo leitt, að á mörgum stöðum hefur í reynd verið farið eftir fæðingarári en ekki fæðingardegi þegar aldur er metinn.